

STATTU MEÐ ÞÉR!

**STUTTMYND UM SJÁLFSVIRÐINGU,
OFBELDI OG AÐ SETJA MÖRK**

LEIÐARVÍSIR

**VITUNDARVAKNING UM KYNFERÐISLEGT,
ANDLEGT OG LÍKAMLEGT OFBELDI GEGN BÖRNUM**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Innanríkisráðuneyti
Velferðarráðuneyti
2014

Vitundarvakning um kynferðislegt,
andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum
Vefslóð: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning>

Október 2014

Prentun: Leturprent
ISBN: 978-9935-436-44-3

STATTU MEÐ ÞÉR!

EFNISYFIRLIT

I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI.....	4
Hvað er <i>Stattu með þér!</i> ?	4
Af hverju að standa með sér?	5
Þarf að tala um klám?	5
Hvernig er best að standa að sýningu myndarinnar?	6
Hvaða viðbrögðum má eiga von á?	7
Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar?	7
Hvert er best að leita ef ég fæ spurningar um kynferðismál?	7
Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?	8
Kynferðisofbeldi gegn barni (einnig nefnt sífjaspell)	8
Nauðgun:	8
Kynbundið ofbeldi.....	9
Hvað verður svo um myndina?.....	9
II HLUTI: VIÐFANGSEFNI MYNDARINNAR OG VERKEFNI	10
Yfirlit yfir <i>Stattu með þér!</i> skipt niður eftir köflum	10
1. UTLIT	10
2. FYRIRMYNDIR?	12
3. LÍKAMINN.....	14
4. OFBELDI.....	15
5. AÐ SETJA MÖRK.....	18
6. STATTU MEÐ ÞÉR!	20
Viðauki I: Aðstandendur <i>Stattu með þér!</i>	21
Um leikstjórnann, höfundinn og Vitundarvakninguna	21
Þarftu að ná í aðstandendur <i>Stattu með þér!</i> ?	22
Viðauki II: Söngtextar	23
STATTU MEÐ ÞÉR	23
EINN EINN TVEIR LAGIÐ	24

I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI

Hvað er *Stattu með þér!* ?

Stattu með þér! er 20 mínútna löng stuttmynd sem framleidd var vorið 2014, eftir margra mánaða undirbúning. Leikstjórinn Brynhildur Björnsdóttir og handritshöfundurinn Þórdís Elva Þorvaldsdóttir unnu verkið í samráði við verkefnisstjórn Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum¹ með tillögur frá grunnskólakennurum til hliðsjónar. Þær Brynhildur og Þórdís Elva höfðu áður gert stuttmyndina [Fáðu já!](#) ásamt Páli Óskari Hjálmtýssyni fyrir Vitundarvakninguna, sem er ætluð 13-15 ára börnum og fjallar um mörkin milli kynlífs og ofbeldis. *Fáðu já!* vann til verðlauna jafnt innanlands sem utan² en mesta velgengni myndarinnar mælist í aukinni þekkingu á mörkum ofbeldis og kynlífs hjá unglingum sem á hana horfðu. Þannig sögðu t.d. rúmlega 70% þeirra barna sem séð höfðu myndina að þau skildu betur hvað það þýðir að fá samþykki fyrir kynlífi eftir að hafa séð *Fáðu já!*³ Báðar myndirnar eru liður í því að efna samning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun á börnum.⁴ Markmið *Stattu með þér!* er að efla og styrkja 10-12 ára börn til að standa gegn staðalmyndum, útlitsvæðingu, klámi og ofbeldi auk þess að innræta þeim sjálfsvirðingu í mannlegum samskiptum.

Kaflar stuttmyndarinnar eru:

Upphaf („Orð skipta svo miklu máli...“)

1. Útlit
2. Fyrirmyndir?
3. Líkaminn
4. Ofbeldi
5. Að setja mörk
6. Stattu með þér!

¹ Ítarlegri umfjöllun um aðstandendur *Stattu með þér* er í viðauka.

² *Fáðu já!* vann fyrstu verðlaun í flokki fræðslumynda á INSAFE ráðstefnunni í Tallin, Eistlandi 2013, auk Forvarnarviðurkenningar Stígamóta 2013.

³ Vefur Vitundarvakningar. 2014, 31. mars. *Jákvæð áhrif stuttmyndarinnar Fáðu já*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/frettir/nr/34551>

⁴ Council of Europe. 2007. *Evrópusamningur um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misnotkun á börnum*. Sótt 2. maí 2014 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur_um_varnir_agn_brotum_a_bornum.pdf

Af hverju að standa með sér?

Við undirbúning myndarinnar var unnið með rýnihópum 10-12 ára barna og þau spurð út í hin ýmsu efni sem stuttmyndin snertir. Eitt af því sem vakti athygli var að börnin svöruðu hiklaust játandi þegar þau voru spurð hvort þau ættu að hlýða fullorðnu fólki. Í kjölfarið voru þau spurð hvort þetta gildi um alla fullorðna í hvaða kringumstæðum sem er – og enn svöruðu öll börnin játandi. Þetta var mikið umhugsunarefni fyrir aðstandendur *Stattu með þér!*, enda má ætla að börn sem hlýði í blindni standi höllum fæti og séu varnarlausari gagnvart þeim sem leitast við að beita ofbeldi. Vissulega eru ekki allir gerendur ofbeldis búnir að ná fullorðinsaldri, en samkvæmt opinberum tölum má ætla að meirihluti þeirra barna sem beitt eru kynferðisofbeldi verði fyrir því af hálfu fullorðins einstaklings.⁵ Þannig urðu 83% þeirra sem leituðu til Stígamóta 2012 fyrir kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins geranda.⁶ Í því skyni að efla og styrkja börn eru dregnar upp aðstæður í *Stattu með þér!* þar sem barni er gefinn kostur á að taka sjálfstæðar ákvarðanir og standa með sér gagnvart jafnöldrum sem og fullorðnum, jafnvel nákomnum, enda þekkja börn sem beitt eru ofbeldi gerandann í allt að 90% tilvika.⁷ Rauði þráður myndarinnar er því að efla sjálfstraust barna svo þau hafi kjark til að standa með sér og rjúfa vítahring ofbeldis, ef svo ber undir.

Þarf að tala um klám?

Leiða má líkum að því að með tilkomu internetsins hafi aðgengi meðalmansins að klámi orðið auðveldara en nokkru sinni fyrr. Nær öll heimili í landinu eru nettengd en jafnvel bestu síur veita ekki fullkomið öryggi gegn klámefni á netinu. Mikið af því klámefni sem finna má á internetinu í dag er ofbeldisfullt og fjarri því að veita góða innsýn í náin samskipti. Rannsóknir benda til þess að íslensk börn séu að meðaltali ellefu ára gömul þegar þau sjá klám fyrst⁸ og að á unglingsárunum leiti þau svara við spurningum um kynferðismál í klámi.⁹ Reikna má með að töluverður fjöldi þeirra

⁵ Samkvæmt skriflegu svari frá forstöðumanni Barnahúss í apríl 2014 voru fullorðnir gerendur (18 ára og eldri) um 60% gerenda í málum þeirra sem leituðu til Barnahúss 2013.

⁶ Stígamót. 2013. Ársskýrsla 2013, bls. 58. Sótt 29. apríl 2014 af: http://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla_2013-netid.pdf

⁷ Blátt áfram. ed. *Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi*. Sótt 29. apríl 2014 af: <http://tinyurl.com/lcwnska>.

⁸ Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2007. Pornography and sex among adolescents in Iceland. Í *Unge, køn og pornografi i Norden*, 111-150. Sótt 29. Apríl 2014 af: http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2006-546/at_download/publicationfile

⁹ Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. 2008. *Breytingar á viðhorfi og þekkingu*

barna sem sjá *Stattu með þér!* hafi nú þegar litið klám augum. Hins vegar má líka ætla að stór hluti þeirra hafi ekkert klám séð og þar af leiðandi var tekin sú ákvörðun að fjalla ekki ítarlega um slíkt efni í myndinni, að vel athuguðu máli. Þess í stað eru áhorfendur varaðir við því að líta á klám sem fræðsluefni um kynþroska eða kynlíf og þeim vísað á góðar upplýsingaveitur um þessi mál í staðinn. Síðast en ekki síst er fjallað töluvert um klám í *Fáðu já!* sem hentar vel fyrir eldri börn.

Hvernig er best að standa að sýningu myndarinnar?

Hverjum og einum skóla er treyst fyrir því að meta aðstæður sínar með tilliti til þess hvernig best er að standa að sýningu myndarinnar *Stattu með þér!* Að því sögðu er mælt með eftirfarandi:

1. FYRIR HVERJA?: Myndin er ætluð börnum í 5., 6., og 7. bekk grunnskóla. Foreldrar eru einnig hvattir til að horfa á myndina, enda mikilvægt að börn geti rætt málefni hennar bæði heima við og í skólanum.
2. STÝRT AF HVERJUM?: Best er ef umræðum í kjölfar myndarinnar er stýrt af kennara sem áhugasamur er um viðfangsefnið. Þó er ekki skylda að hann eða hún komi úr röðum kennara. Ef skólahjúkrunarfræðingurinn, námsráðgjafinn, skólasálfræðingurinn eða einhver annar úr starfslíði skólans er best til þess fallin/n að takast verkefnið á hendur er hvatt til þess.

Viðvera annars fagfólks: Það gæti reynst gagnlegt að hafa einstakling með menntun á sviði sálfræði (hvort sem það er skólasálfræðingur, félagsráðgjafi eða einhver annar) viðstaddan við umræður eftir myndina, sé þess kostur. Þetta gæti komið sér vel ef sárar minningar rifjast upp fyrir einhverjum í áhorfendahópnum. Að öðrum kosti er gott ef slíkur fagaðili gæti verið tiltækur í kjölfar umræðanna.

3. HVERNIG?: *Stattu með þér!* snertir á stórum og ólíkum málefnum. Af þeim sökum er mælt með að hún sé sýnd í heild sinni, en síðan sé unnið út frá einstökum köflum hennar til að geta farið dýpra ofan í saumana á hverju viðfangsefni. Þá gætu verkefni sem lögð eru til í þessum leiðarvísi komið að góðum notum.

Að lokum er vert að taka fram að nafnlausar spurningar gætu reynst vel til að eyða feimni. Þá skrifa nemendur nafnlausa spurningu á blað sem leiðbeinandinn svarar í upphafi eða lok umræðna. Eflaust gæti þessi aðferð gert einhverjum nemendum

kleift að spyrja spurninga sem þeir myndu annars ekki vilja spyrja fyrir framan aðra.

Hvaða viðbrögðum má eiga von á?

Viðbrögðin verða eflaust eins misjöfn eins og áhorfendurnir eru margir. Þó má gera ráð fyrir því að myndin vekir upp spurningar og umræður um líkamann, kynferðismál, ofbeldi og samtímann – til þess er leikurinn gerður. Þá er ekki útilokað að einhverjir sem orðið hafa fyrir ofbeldi rjúfi þögnina um eigin stöðu eða reynslu. Mikilvægt er að hafa tilkynningaskyldu almennings í huga og þeirra sem vinna með börnum undir 18 ára aldri, ef upp kemur sá grunur að barn sé beitt ofbeldi eða harðræði.¹⁰ Segi barn frá ofbeldisreynslu, eða gefi í skyn að það verði fyrir ofbeldi, er skylda að tilkynna það til Barnaverndar í síma 112. Mikilvægt er að lofa barninu ekki trúnaði, því það er beinlínis skylda að rjúfa trúnaðinn og láta yfirvöld vita ef grunur leikur á að brotið sé á barni.

Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar?

Upplýsingaveitur um ofbeldi eru til dæmis:

- Samantekt Vitundarvakningar á fræðsluefni um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/fraedsluefni/>
- Barnahús, sími 530-2500
- Blátt Áfram, www.blattafram.is
- Drekaslóð, fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolendur alls kyns ofbeldis og aðstandendur þeirra, sími 551-5511, <http://drekaslod.is>
- Stígamót, www.stigamot.is, sími 562-6868
- Kvennaathvarfið, www.kvennaathvarf.is, sími 561-1205

Hvert er best að leita ef ég fæ spurningar um kynferðismál?

Þótt *Stattu með þér!* fjalli ekki um kynþroska og kynlíf nema að litlu leyti gæti viðfangsefni hennar engu að síður vakið upp spurningar um kynferðismál hjá börnum sem hana sjá. Töluverður þroskamunur er á 10-12 ára börnum og því erfitt að draga línu sem gildir fyrir alla. Þess vegna er kennaranum/leiðbeinandanum treyst til að meta hópinn hverju sinni og hversu mikil þörf er á að fræða nemendur um kynferðismál. Slíkum spurningum er best

⁸ Samkvæmt 16. og 17. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002

svarað með virðingu að leiðarljósi, bæði fyrir spyrjandanum og viðfangsefninu. Í lögum er miðað við að börn geti gefið samþykki fyrir kynferðislegu athæfi við 15 ára aldur. Sum börn verða áhugasöm um kynlíf fyrr, sum síðar. Ef sá sem sem stýrir umræðunni veit ekki svarið við tiltekinni spurningu er betra að játa fáfræði sína en að segja eitthvað sem gæti reynst rangt. Enginn er útlærður í þessum efnum og engin skömm að því að hafa ekki öll svör í handraðanum. Til eru haldgóðar upplýsingaveitur um líkamann og kynheilbrigði á íslensku, svo sem:

- Kynfræðsluvefurinn, fræðsluvefur Námsgagnastofnunar: <http://www1.nams.is/kyn/index.php>
- Unglingavefur Heilsugæslunnar (6H): <http://www.6h.is/>
- Áttaviti Totalráðgjafar Reykjavíkurborgar: <http://attavitinn.is/heilsa-og-utlit/kynlif>
- Ástráður, félag læknanema: www.astradur.is
- Sjálfmynd, upplýsingasíða um sjálfmynd barna og unglunga, <https://sjalfsmynd.wordpress.com/category/sjalfsmynd/>

Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?

Hér eru þær skilgreiningar á ofbeldi sem leiðbeinendum er ráðlagt að styðjist við, gerist þess þörf:

Kynferðisofbeldi gegn barni (einnig nefnt sífjaspell): Er þegar eldri einstaklingur (oftast er miðað við a.m.k. fimm ára aldursmun) notfærir sér líkamlegt og andlegt þroskaleysi barns til að fá barnið til þátttöku í kynferðislegu athæfi, óháð vilja þess. Kynferðislegt athæfi getur falist í orðum (s.s. kynferðislegt tal til barns, ýmist í eigin persónu eða í gegnum tölvu/síma/önnur samskiptatæki), myndbirtingum (s.s. að sýna barni klámefni eða taka klámfengnar myndir/myndskeið af barninu), snertingum (s.s. ef brotamaðurinn lætur barnið snerta sig sjálft, brotamanninn¹¹ og/eða annan einstakling kynferðislega) og kynmökum (s.s. munnmök, samfarir um leggöng og/eða endaparmsmök, ýmist með líkamshluta, t.d. fingrum eða getnaðarlim, eða hlut.)

Athugið: Sérfræðingar Barnahúss mæla með því að orðið „kynferðisleg misnotkun á börnum“ sé lagt af, enda gefur orðalagið í skyn að hægt sé að nota börn „rétt“ í kynferðislegu samhengi, fyrst hægt er að misnota þau. Öruggast er að tala um kynferðislegt ofbeldi gegn barni.

Nauðgun: Er þegar einstaklingur á kynmök við annan einstakling án upplýsts samþykkis þess síðarnefnda (s.s. munnmök, samfarir

¹¹ Athugið að í þessu samhengi eru konur líka menn.

um leggöng og/eða endaparmsmök, ýmist með líkamshluta, t.d. fingrum eða getnaðarlim) eða hlut. Þannig getur karl/kona nauðgað karli/konu með því að setja finger/lim/tungu/hlut inn í endaparm, leggöng eða munn án upplýsts samþykkis viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹²

Einnig er talað um kynbundið ofbeldi ef meirihluti brotamanna og meirihluti brotþola eru af sittthvoru kyninu, eins og raunin er með kynferðisofbeldi. Af skjólstæðingum Stígamóta á árunum 2004-2013 er um 10% karlkyns.¹³ Í könnun frá 2004 á vegum Barnaverndarstofu og rannsóknarmiðstöðvarinnar *Rannsóknir og greining í íslenskum framhaldsskólum* kom í ljós að 13,6% íslenskra stúlkna og 2,8% drengja höfðu verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Stúlkur sem sögðust hafa verið sannfærðar, þvingaðar eða neyddar til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum voru rúmlega fimmfalt fleiri en drengir.¹⁴ Ýmislegt bendir til þess að karlar séu síður líklegir til að greina frá ofbeldi sem þeir verða fyrir og því kann tíðni þess að vera vanmetin, að mati Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar.¹⁵ Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru 95% allra gerenda í kynferðisbrotamálum karlkyns.

Hvað verður svo um myndina?

Myndin er hýst á vef [Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum](#).¹⁶ Hægt að horfa á hana í sjö, styttri myndskaiðum (en myndin í heild er 20 mínútur að lengd). Hugmyndin er sú að allir landsmenn geti horft á myndina, langi þá til þess. Með þessu móti geta foreldrar séð myndina og jafnvel nýtt sér hana til að eiga samtál um þessi mikilvægu málefni við börn sín.

¹² Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

¹³ Samkvæmt meðaltali úr ársskýrslum Stígamóta frá 2004-2013. Hægt er að nálgast ársskýrslurnar hér: <http://www.stigamot.is/is/um-stigamot/arsskyrslur>

¹⁴ Barnaverndarstofa. 2008. Ársskýrsla 2006–2007, bls. 24. Sótt 29. apríl 2014 af: <http://www.bvs.is/media/skjol/Arsskyrsla-06-07---ENDANLEG-UTGAFU.pdf>

¹⁵ The World Health Organization. 2005. *Progress in Reproductive Health Research*, 67.tbl., bls. 7.

¹⁶ Vefslóðin er www.vel.is/vitundarvakning

II HLUTI: VIÐFANGSEFNI MYNDARINNAR OG VERKEFNI

Yfirlit yfir *Stattu með þér!* skipt niður eftir köflum

Upphafsatrði: Þar sem boðskapur *Stattu með þér!* er á köflum þungbær var ákveðið að hefja myndina með gamansömum hætti, eða með misstilningi milli feðgina um tiltekið orð. Þetta er til að leiða áhorfendur inn í umræðu um vægi orða og hversu mikið orðin sem maður notar til að lýsa sjálfum sér geta mótað sjálfsmyndina. Sem fyrr segir er rauði þráður myndarinnar að efla og styrkja sjálfstraust barna. Því voru börnin sem fram komu í myndinni beðin um að velja sér jákvætt orð sem þeim fannst lýsa sér vel. Orðið var málað á líkama þeirra til að vekja áhorfendur til umhugsunar um mannlegan fjölbreytileika, sem mótvægi við þá einsleitu mynd sem oft er dregin upp í fjölmiðlum og afþreyingarefni.

1. ÚTLIT

Eitt af markmiðum *Stattu með þér!* er að kenna börnum að líkami þeirra sé dýrmæt eign sem engum er heimilt að níðast á. Þannig aukast líkurnar á að þau þekki rétt sinn og leiti sér hjálpar ef þau eru beitt ofbeldi.

Skilaboðin í fyrsta kafla myndarinnar eru þau að þótt líkami þinn sé ekki eins og líkamarnir sem sjá má í fjölmiðlum, afþreyingu eða auglýsingum er hann engu minna merkilegur. Fjölbreytni er eðlileg og allir líkamar eru jafn mikils virði. Hér er unnið sérstaklega með fyrirmyndir úr teiknimyndum og leikfangalínnum, þar sem útskýrt er hvers vegna enginn getur verið vaxinn eins og Barbie, svo dæmi sé nefnt.

Efni í umræður:

- *Hvað fannst ykkur um upphafsatrðið (milli feðginanna)? Kom það ykkur á óvart?*
- *Eruð þið sammála eða ósammála krökkunum sem sögðu að stundum myndist þeim eins og það væri verið að segja þeim hvað þeim ætti að finnast flott? Hvers vegna?*
- *Hvers vegna haldið þið að mörgum myndum sé breytt í Photoshop?*
- *Fyrirmynd er einhver sem þið lítið upp til af því að hún/hann er dugleg, sterk, klár, hugrökk eða hefur gert eitthvað sem ykkur finnst flott eða merkilegt. Ræðið hvaða kosti ykkur finnst prýða góða fyrirmynd. Dettur ykkur í hug góð fyrirmynd úr stjörnuheimi fræga fólksins? En úr hversdagslífi ykkar?*

- Höfðuð þið áttað ykkur á hversu óraunveruleg líkamshlutföll Önnu og Fergusar eru? Af hverju haldið þið að þau séu svona?

Varist: Börn sem hafa séð kvikmyndirnar eða hlustað á tónlistarmennina sem sýndir eru í *Stattu með þér!* gætu viljað ræða málefnið eingöngu út frá þessum tilteknu myndum/einstaklingum. Vert er að halda til haga að útlitskröfur koma úr öllum áttum og verða ekki raktar til einnar manneskju eða tískufyrirbæris.

Verkefni 1

ORÐASKÝ: Nemendur velja sér jákvætt orð sem þeim finnst lýsa þeim sjálfum vel – og útskýra hvers vegna þetta orð varð fyrir valinu. Í lokin má safna saman orðum allra nemendanna og gera „orðaský“ úr þeim á [þessari vefsíðu](#)¹⁷, í anda orðaskýsins sem ber fyrir augu í myndinni.

Varist: Að nemendur freistist til að velja orð fyrir aðra en sjálfa sig og leggja þar með dóm hvert á annað. Verkefnið snýst um sjálfsmynd hvers og eins – ekki ímynd í augum annarra.

Verkefni 2

ÁHRIF MYNDVINNSLU: Að stilla upp mynd sem hefur verið breytt í Photoshop við hliðina á óunninni mynd¹⁸ og ræða um breytingarnar. Hvers vegna þykir fallett að vera svona en ekki hinsegin? Hver ákveður það? Hvernig væri heimurinn ef allir litu eins út?

Verkefni 3

MÆLIKVARÐI Á FEGURÐ?: Að skoða það sem þykir fallett í öðrum menningarheimum. Sumsstaðar í Burma þykir fallett að lengja hálsinn með stálhringjum¹⁹ og sumsstaðar í Afríku þykir fallett að bera ör og húðflúr í andliti.²⁰ Hvað finnst ykkur um þetta og hvað haldið þið að fólki frá þessum landsvæðum finnist um fegurðarmat okkar?

Varist: Að gefa í skyn að fegurðarmat á einum stað í heiminum sé betra eða þróaðra en annarsstaðar í heiminum. Fegurð er afstæð og byggir á smekk sem mótast bæði af umhverfinu og persónuleika hvers og eins. (Athugið einnig að sumar myndanna á vefslóðinni í neðanmálgrein 20 sýna fólk bert að ofan.)

¹⁷ Vefslóðin er www.worditout.com. Sé ýtt á „random settings“ takkann þegar orðaskýið er tilbúið má breyta myndrænni framsetningu þess á ótal vegu, með skemmtilegum afleiðingum.

¹⁸ Slíka mynd má til dæmis finna með hér: <http://tinyurl.com/mlsjyrs>

¹⁹ Mynd af Padong stúlkum frá Burma: <http://tinyurl.com/neo6834>

²⁰ Myndir af afrískum örskreytingum og húðflúrum (athugið nekt): <http://tinyurl.com/onuaejk>

2. FYRIRMYNDIR?

Í þessum hluta fikrar myndin sig inn í fjölmiðlalæsi, með því að leggja grunninn að gagnrýninni sýn barna á það sem ber fyrir augu í auglýsingum, tónlistarmyndböndum og víðar. Hér er sett spurningamerki við staðalmyndir, til dæmis það að konur séu fáklæddar í vinsælu afþreyingarefni en ekki karlar. Þá koma fyrir leikin atriði í *Stattu með þér!* þar sem sýnt er hversu fráleitt það væri að klæða sig ekki eftir veðri og aðstæðum, hvort heldur sem er fyrir stelpur eða stráka. Markmiðið er ekki síður að veita mótvægi við upphafningu nektar og klæðalítils fatnaðar með því að sýna að í raunveruleikanum þykir ekkert töff að vera kalt eða ber innan um fullklætt fólk.

Því næst er horft gagnrýnum augum á auglýsingar og bent á að stundum ýkja auglýsendur ágæti eða áhrif vöru sinnar með það fyrir augum að selja meira af henni eða skapa ákveðna ímynd. Útkoman getur verið fjarri raunveruleikanum.

Að því loknu er er sjónum áhorfenda beint að bíómyndum og sjónvarpsþáttum, þar sem annað kynið á sér – eftir atvikum – fáa fulltrúa. Kynjahlutfall í fjölmiðlum er að jafnaði 70% hlutur karla á móti 30% hlut kvenna. Þannig má nefna að í fjölskyldumyndum sem frumsýndar voru í Bandaríkjunum og Kanada á árunum 2006-2009 voru innan við 30% persóna kvenkyns en rúmlega 70% voru karlkyns.²¹ Raunveruleikinn er þó sá að konur og karlar eru jafn mörg og jafn mikilvæg.²² Þessi staðreynd er undirstrikuð með leiknu atriði sem gerist í leikifimitíma. Stúlka sem hefur takmarkaða trú á eigin getu og virði fær hvatningu og öðlast meiri trú á sér fyrir vikið.

Síðast en ekki síst er talinu vikið að ofbeldi, sem er upphafið í mörgum tölvuleikjum og afþreyingarefni. Séu söluhæstu tölvuleikir heims árið 2013²³ skoðaðir ganga 70% þeirra út að skjóta sem flesta andstæðinga. Þótt aðalsöguhetjurnar í slíku efni beiti oft ofbeldi til að fá sínu framgengt er það ekki góð leið til að eiga samskipti í raunveruleikanum. Til að undirstrika þetta er brugðið upp leiknu atriði þar sem fram kemur að þeir sem beita ofbeldi eigi á hættu að einangrast ef þeir telja slíkt vænlega leið til að leysa ágreiningsmál. Ofbeldi er aldrei lausn.

²¹ Smith, Choueiti. 2010. *Gender Disparity On Screen and Behind the Camera in Family Films; The Executive Report*. Sótt 8. Júlí 2014 af: [http://annenbergl.usc.edu/Faculty/Communication%20and%20Journalism/~media/6469AAD2BE5D41E3AABA48A82FBBBC76.ashx](http://annenbergl.usc.edu/Faculty/Communication%20and%20Journalism/~/media/6469AAD2BE5D41E3AABA48A82FBBBC76.ashx)

²² Fyrir frekari umfjöllun um birtingarmyndir kynja í dægurmenningu er mælt með *Miss Representation Project*. Sjá hér: <http://therepresentationproject.org/>

²³ The Fiscal Times. 2013, 13. desember. *The 10 Bestselling Video Games of 2013*. Sótt 8. júlí 2014 af: <http://www.thefiscaltimes.com/Media/Slideshow/2013/12/13/10-Bestselling-Video-Games-2013>.

Efni í umræður:

- Af hverju haldið þið að sumir eru fáklæddir í tónlistarmyndböndum? Finnst ykkur það góð eða slæm leið til að vekja á sér athygli? Afhverju?
- Hvernig haldið þið að stelpunni í strætóskýlinu hafi liðið og af hverju?
- Hvernig haldið þið að stráknum í Smáralind hafi liðið og af hverju?
- Hvers vegna haldið þið að það séu miklu fleiri karlar en konur í sumum myndum og þáttum? Hvernig væri hægt að jafna þetta út?
- Hvernig finnst ykkur að horfa á efni þar sem engin persóna er af ykkar kyni, skiptir það máli og af hverju/af hverju ekki?
- Hvað fannst ykkur um hegðun Jóa, stráksins sem rauk út úr leikfimitímanum? Hvað hefði hann getað gert öðruvísi?

Varist: Eðlishyggju í umræðu sem snertir kyn (t.d. að það sé í eðli drengja að spila boltaíþróttir en það sé í eðli stúlkna að vilja líta vel út), enda á það að vera réttur hvers barns að rækta áhugamál sín óháð kyni. Þetta gildir einnig í umræðum um afþreyingu (t.d. að Star Wars sé strákaefni því að sýni karlpersónur í stríði, eða að Bratz sé stelpuefni því það sýni vináttusambönd stelpna). Bæði stelpur og strákar geta og mega hafa gaman af ólíkum tegundum afþreyingar. Þá ber einnig að hafa í huga að börn sem hafa hlustað á tónlistina eða séð kvikmyndirnar sem sýndar eru í þessum kafla myndarinnar gætu viljað ræða málefnið eingöngu út frá þessum tilteknu myndum/tónlistarmönnum. Hafa ber í huga að notkun ofbeldis og nektar í dægurmenningu samtímans verður ekki rakið til einstakra listamanna/listaverka.

Verkefni 4

AUGLÝSINGAR: Að skoða ýkjur í auglýsingum með það að sjónarmiði að kenna gagnrýna sýn. Mælt er með að nemendum sé skipt upp í 4-6 manna hópa. Fyrst má spyrja nemendur hvaða auglýsingum þeir muna eftir þar sem eitthvað furðulegt eða ýkt gerðist þegar varan var notuð. Í hverju felast ýkjurnar og hvað vakir fyrir auglýsandanum? Hér er dæmi um [skóauglýsingu](http://tinyurl.com/qhy23kd)²⁴ sem vinna má út frá, auk auglýsinganna sem notast er við í myndinni. Þá eru hóparnir látnir semja sögupráð að auglýsingu sem ýkir ágæti vörunnar verulega. Vörunnar sem unnið er með skal vera eitthvað í skólastofunni sjálfri, svo sem strokleður, pennaveski, gluggatjöld, kennaratafla eða tölvubúnaður og fær hver hópur ólíka vöru til að vinna með. Að þessu búnu kynnir hver hópur fyrir sig auglýsingahugmynd sína fyrir hinum, sem þurfa að greina hverjar ýkjurnar eru og hvernig raunsönn auglýsing gæti hljómað.

²⁴ Vefslóðin er <http://tinyurl.com/qhy23kd>

Verkefni 5

KYNJAHLUTFÖLL: Að skoða kynjahlutföll í vinsælum fjölskyldumyndum svo sem [Hvernig temja á drekann sinn](#), [Frosinn](#) og [Maleficent](#). Leiðbeinandinn getur farið á vefsetrið [Internet Movie Database](#)²⁵ með nemendum og skoðað kynjahlutföll kvikmynda með því að skoða listann yfir þátttakendur (*See full cast and crew*, eða með því að smella á nöfn myndanna hér að framan). Koma hlutföllin ykkur á óvart? Ef já, af hverju? Hvernig mynduð þið vilja hafa þetta og hvers vegna? Getið þið haft áhrif á gerð afþreyingarefnis í framtíðinni og ef já, þá hvernig?

3. LÍKAMINN

Í þessum hluta myndarinnar er markmiðið að stuðla að líkamsvirðingu sem er ekki útlitsmiðuð. Skilaboð úr tískuheiminum og annarri dægurmenningu eru einsleit og búa til ranghugmyndir um „hinn fullkomna líkama“. Staðreyndin er sú að allir líkamar framkvæma kraftaverk á hverjum degi við það eitt að halda okkur á lífi, hvort sem þeir eru litlir eða stórir, feitir eða mjóir, fatlaðir eða ófatlaðir. Við erum ekki öll vaxin eins og kvikmyndastjörnur, og líkami hvers og eins er heill heimur út af fyrir sig. Öll erum við með þúsundfalt fleiri frumur í skrokknum en stjörnur í Vetrarbrautinni – og við eigum þeim líf okkar að þakka. Mikilvægt er að virkja líkamsvirðingu og væntumþykju í forvörnum gegn ofbeldi. Börn sem bera virðingu fyrir eigin líkama eru líklegri til að átta sig á hvenær verið er að fara illa með hann og leita sér hjálpar ef svo er.

Samhliða kynþroskaskeiðinu er eðlilegt að forvitni vakni um líkamlegar breytingar sem því fylgja, sem og kynferðismál. Áhorfendur eru varaðir við því að leita sér svara á netinu. Þar er auðvelt að rekast á klám, sem er ekki gott fræðsluefni. Betra er að snúa sér til fullorðins einstaklings sem maður treystir eða fara á sérstaka upplýsingavefi²⁶ þar sem góða fræðslu er að finna.

Efni í umræður:

- *Hvert getið þið leitað með spurningar sem tengjast líkamanum?*
- *Af hverju getur verið varasamt að leita svara hvar sem er á netinu?*
- *Ef þið rekist á klám, hvernig er best að bregðast við?*
- *Hvað er átt við með því að líkaminn sé „lífstíðareign“ og hvað felur í sér að fara vel með hann?*

Varist: Ef einhver í hópi nemenda vill ræða reynslu sína af klámi í tengslum við þennan hluta myndarinnar ber að hafa hugfast að

²⁵ Vefslóðin er <http://www.imdb.com/>

²⁶ Sjá verkefni nr. 1 á næstu síðu.

stór hluti nemenda hefur enn ekki séð neitt klám á lífsleiðinni. Fara þarf varlega til að skapa hvorki spennu fyrir klámi né særa blygðunarkennd annarra. Hér er mikilvægt að „lesa“ í hópinn og laga umræðuna að þeim hugmyndum og þörfum sem börnin hafa. Umfjöllun um klám er flókin ekki síst vegna þess að í raun er ekki til lagaleg skilgreining á hugtakinu. Vændi hefur hins vegar verið skilgreint þannig hver sá sem með „opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu“ sé sekur um hlutdeild að vændi. Kaup á vændi eru ólögleg á Íslandi og flokkast sem kynferðisbrot í almennum hegningarlögum.²⁷ Færa má rök fyrir því að klám sé í raun vændi sem fest er á filmu, enda fá þátttakendur greitt fyrir að stunda kynmök.

Verkefni 6

KYNÞROSKINN: Að skoða [kynfræðsluvef Námsgagnastofnunar](#)²⁸ og/eða [vef Heilsugæslunnar](#)²⁹ og leita svara við spurningum, t.d. um kynþroskann. Hvort kynið verður yfirleitt kynþroska fyrr? Hversu lengi varir kynþroskaskeiðið? Hverjar eru helstu breytingarnar hjá strákum og stelpum?

Verkefni 7

LÍKAMINN: Að gera lista yfir þá líkamsstarfsemi er í gangi hjá manni sjálfum á þessu augnabliki. Hver er tilgangur hennar og hvernig stuðlar hún að heilbrigðu lífi? Hvatt er til að nemendur vinni verkefnið í 4-6 manna hópum og kynni niðurstöður sínar hver fyrir öðrum.

4. OFBELDI

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur tölvunotkun auðveldað kynferðisbrotamönnum til muna að nálgast börn og tæla þau til fylgilags við sig.³⁰ Af þeim sökum hefst kaflinn um ofbeldi í *Stattu með þér!* á umfjöllun um þær hættur sem geta leynst á netinu. Hér ber að staldra við og leggja áherslu á að vinsælustu samfélagsmiðlarnir eru með 13 ára aldurstakmark. Þetta á við um Facebook, Twitter, Snapchat og Instagram, svo dæmi séu nefnd. Líkur eru á að flestir (ef ekki allir) áhorfendur eigi eftir að notfæra sér samfélagsmiðla í framtíðinni og því er fjallað um hversu auðvelt það er að misnota slíka miðla með því að villa á sér heimildir. Sumir eru þegar farin að nota þessa miðla, þrátt fyrir að

²⁷ Samkvæmt 206 gr. almennra hegningarlaga nr. 12/1940

²⁸ Vefslóðin er <http://www1.nams.is/kyn/index.php>

²⁹ Vefslóðin er <http://www.6h.is/>

³⁰ Stefán Eiríksson. 2013. *Rannsókn kynferðisbrota og annarra brota gegn börnum*. Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu, bls. 7.

hafa ekki náð settu aldurstakmarki, svo það má líka ræða af hverju aldurstakmörk séu sett og hver gagnsemi þeirra er.

Því næst er talinu vikið að ólíkum tegundum ofbeldis: Líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Hver flokkur fyrir sig er útskýrður stuttlega. Fram kemur í myndinni að ofbeldi á heimili flokkast sem ofbeldi gegn barni – jafnvel þótt það beinist ekki gegn barninu sjálfu. Þannig er líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi gegn móður, föður eða systkini í raun ofbeldi gegn barninu sjálfu. Enginn á að þurfa að búa við slíkt. Börn sem verða vitni að ofbeldi verðskulda líka hjálp.

Þá er fjallað um kynferðisofbeldi og bent á þekktar leiðir sem notaðar eru af kynferðisbrotamönnum til að þagga niður í börnum sem þeir brjóta gegn. Sumir gefa börnum peninga eða gjafir til að fá vilja sínum framgengt. Í öðrum tilvikum beita þeir hótunum.³¹ Markmiðið er að börn, sem hafa upplifað að vera mútað eða hótað eða þekkja einhvern með slíka reynslu, beri kennsl á verknaðinn sem ofbeldi. Athugið að börn geta verið forvitin um kynferðismál og sú forvitni getur gert þau varnarlausari fyrir því að traust þeirra sé misnotað. Þá skapast sú hætta að börnin sitji uppi með sjálfsásökun og finnist þau hafa veitt samþykki fyrir því sem gerðist, sökum forvitni sinnar. Mikilvægt er að halda því til haga að þótt barn sé forvitið um eitthvað, hvort sem það er kynlíf eða að keyra bíl, ber það samt ekki ábyrgð á því ef einhver annar kynnir það fyrir slíku athæfi áður en það hefur aldur og þroska til. Barn sem er beitt ofbeldi ber aldrei sök á því. Börn sem beitt eru kynferðisofbeldi þekkja gerandann í allt að 90% tilvika³² og þykir jafnvel vænt um viðkomandi. Sjálfsásökun og skömm eru þar af leiðandi meðal algengustu afleiðinga kynferðisofbeldis.³³ Þessar tilfinningar geta komið í veg fyrir að brotapolinn leiti sér aðstoðar og því er afar mikilvægt að ábyrgðin á ofbeldi sé sett á herðar þess sem beitir því – ekki þess sem verður fyrir því. Þetta gildir óháð því hvort um er að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi.

Efni í umræður:

- *Hverjar eru birtingarmyndir a) líkamlegs ofbeldis b) andlegs ofbeldis c) kynferðislegs ofbeldis?*
- *Í hvaða flokk ofbeldis fellur það að segja einhverjum að hann/hún eigi ekkert gott skilið? En að hárreyta einhvern? En ef einhver sendir ykkur nektarmynd?*

³¹ Mallee Sexual Assault Unit. *Child Sexual Assault*. ed. Sótt 9. júlí 2014 af: http://www.msau-mdvs.org.au/sa_children.htm.

³² Blátt áfram. ed. *Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi*. Sótt 1. maí 2014 af: <http://tinyurl.com/lcwnska>.

³³ Sjálfsásökun og skömm eru meðal algengustu afleiðinga kynferðisofbeldis í öllum ársskýrslum Stígamóta frá 2002 til 2011.

- Ef einhver á heimili ykkar verður fyrir svona framkomu, hvað er þá hægt að gera?
- Hvert er aldurstakmarkið á flestum samfélagsmiðlum og hver haldið þið að tilgangurinn sé með því?
- Hvernig er öruggast að haga sér á netinu?
- Ef einhver býður ykkur fimmþúsund krónur fyrir að koma í heimsókn til sín, hvað gæti verið á seyði og hvernig væri öruggast að bregðast við?

Verkefni 8

OFBELDI OG BARNASÁTTMÁLINN: Fara á vefsíðu [Barnasáttmálans](#)³⁴ og vinna verkefnið *Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi*. Í kjölfarið er mælt með að nemendur skoði [einfaldaða útgáfu](#)³⁵ Barnasáttmálans og finni öll þau ákvæði sem vernda börn gegn mismunandi tegundum ofbeldis.

Verkefni 9

SAMSKIPTAMIÐLAR: (Gæti hentað börnum sem eru að ná þeim aldri að mega skrá sig á samskiptamiðla): Að skoða síðu [Alex Inga](#) á Twitter og [Bryndísar Anníar](#) á Facebook. Þetta eru plat síður sem búnar voru til á innan við fimm mínútum, svo þeim gæti brugðið fyrir í augnablik í *Stattu með þér!* Ef aðstandendur myndarinnar gátu gert þessar síður á innan við fimm mínútum, hversu auðvelt væri fyrir einstakling með einbeittan brotavilja að búa til trúverðuga plat síðu?

Varist: Slagsíðu í umræðum um ofbeldi, sem gæti leitt til falskrar öryggiskenndar annars vegar eða skapað ótta hins vegar. Enginn getur tryggt sig gegn ofbeldi. Jafnvel börn sem tala aldrei við ókunnuga gætu orðið fyrir ofbeldi af hálfu einhvers sem þau þekkja. Að innræta börnum óparfa ótta við hættur heimsins er ekki heldur æskilegt. Millivegurinn felst í því að undirstrika að þótt það séu ekki til neinar töfralausnir sem koma í veg fyrir ofbeldi er hægt að temja sér hegðun sem minnkar líkurnar á að maður verði fyrir því – og læra hvar hjálpina er að finna, gerist þess þörf. Sökin er ávallt brotamannsins og aldrei brotapolans.

³⁴ Vefslóðin er www.barnasattmali.is

³⁵ Vefslóðin er <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>

5. AÐ SETJA MÖRK

Í fimmta hluta myndarinnar er fjallað um réttinn til þess að setja mörk í mannlegum samskiptum. Hér er vert að hafa hugfast að þótt allir eigi slíkan rétt þýðir það ekki að viðkomandi sé sjálfkrafa ábyrgur fyrir að gera öllum ljóst hvar mörkin liggja hverju sinni. Þannig eru kynferðisleg mörk lögvarin, til dæmis. Enginn á að þurfa að setja mörk til að vera ekki áreittur eða nauðgað. Slíkt hið sama gildir um réttinn til að verða ekki fyrir líkamlegu ofbeldi.

Unglingsárin eru sá tími þegar margir eru hvað viðkvæmastir fyrir hópþrýstingi. Veraldarvefurinn er nýlegt fyrirbæri í mannkynssögunni og býður sífellt upp á nýjar leiðir til að beita slíkum þrýstingi. Fleiri geta safnast saman á einum samfélagsmiðli eða spjallrás en í venjulegu heimahúsi, svo dæmi sé nefnt. Skemmst er að minnast hættuástands sem skapaðist í Smáralind 5. janúar 2014 þegar þúsundir íslenskra unglunga hópuðust saman þar eftir að boð höfðu verið send út á samfélagsmiðlinum Vine.³⁶ Að æfa sig í að setja mörk getur reynst fyrirbyggjandi gegn hópþrýstingi, hvort sem heldur er á netinu eða annars staðar, og stuðlar þar með að betri líðan í framtíðinni.

Sem fyrr segir kom það aðstandendum *Stattu með þér!* í opna skjöldu hversu sannfærð börn í rýnihópunum voru um skyldu sína að hlýða fullorðnu fólki. Sannleikurinn er sá að sumir fullorðnir, svo sem kynferðisbrotamenn, láta börn taka þátt í athöfnum sem eru ekki við hæfi barna. Í forvarnarskyni var ákveðið að sýna nokkur dæmi í myndinni um aðstæður þar sem „óhlýðni“ barna er ekki bara leyfileg heldur jafnvel æskileg. Barn er sett í þær aðstæður af fullorðnum einstaklingi að aka strætisvagni, bjóða sig fram til þingsetu og umgangast áfengi. Skýrt aldurstakmark er á töku bílprófs (17 ára), kosningarétti (18 ára), áfengiskaupaaldrinum (20 ára). Þá er kynferðislegur lögaldur 15 ára. Hér skal áréttað að börnum er að sjálfsögðu frjálst hafa áhuga á stjórnámum eða bílum svo dæmi séu nefnd, en þau eiga rétt á því að velja sín áhugamál sjálf án þess að sæta þrýstingi frá foreldrum, systkinum, vinum eða utanaðkomandi aðilum líkt og fjölmiðlum. Þá ber öllum að virða aldurstakmörk sem kveðið er á um í landslögum. Í *Stattu með þér!* ákveða börnin að setja mörk í samskiptum sínum við fullorðna, sem eru að ráðskast með áhugasvið þeirra eða biðja þau um að taka þátt í athæfi sem þeim er ekki samboðið. Með öðrum orðum setja þau gott fordæmi með því að standa með sér.

Í þessum hluta myndarinnar eru áhorfendur líka hvattir til að rjúfa þögnina ef einhver kemur fram við þá, eða einhvern sem þeir

³⁶ Visir.is. 2014, 5. janúar. *Börn slösuðust í öngþveiti í Smáralind*. Sótt 2. maí 2014 af: <http://www.visir.is/born-slosudust-i-ongthveiti-i-smaralind/article/2014140109557>

þekkja, með óásættanlegum hætti. Foreldrar, kennarar, skólahjúkrunarfræðingar og eldri systkin eru nefnd sem mögulegir trúnaðaraðilar, auk þess sem starfsfólk Neyðarlínunnar er ávallt til staðar í síma 1-1-2.

Efni í umræður:

- *Sumt þykir sjálfsagt í mannlegum samskiptum án þess að það þurfi að taka það fram, eins og til dæmis að það megi ekki slá aðra. Hvað fleira dettur ykkur í hug?*
- *Í hvers konar aðstæðum er nauðsynlegt að setja mörk?*
- *Ef einhver veður yfir mörkin ykkar og beitir ykkur ofbeldi, hverjum er það þá að kenna – og af hverju?*
- *Hvað hefði strákurinn getað sagt við bílstjórann þegar hann var beðinn um að aka strætisvagninum? Hvað þarf maður að vera gamall til að aka bíl?*
- *Hverju hefði stelpa getað svarað þegar henni var boðinn bjór? Hvað þarf maður að vera gamall til að drekka áfengi?*
- *Hvað hefði Júlía getað sagt þegar hún var látin fara í framboð til Alþingis?*
- *Hvaða fleiri aðstæður getið þið nefnt þar sem börn mega standa með sér, jafnvel gegn fullorðinni manneskju?*

Varist: Að sá skilningur skapist í umræðunum að þeir sem setji ekki skýr mörk geti sjálfum sér um kennt ef þeir eru beittir yfirgangi eða ofbeldi. Slíkt er ávallt á ábyrgð þess sem beitir því, ekki þess sem verður fyrir því.

Verkefni 10

GAGNLEG ÚRRÆÐI: Ef þú þyrftir að fá hjálp fyrir þig eða einhvern sem þér þykir vænt um, hvert gætir þú leitað? Gerðu lista yfir trúnaðaraðila og úrræði sem í boði eru.

Verkefni 11

SKOÐANAFRELSI OG BARNASÁTTMÁLINN: Að skoða [einfaldaða útgáfu](#)³⁷ Barnasáttmálans, þá sérstaklega 12., 13. og 14. grein. Þar er fjallað um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þar er einnig fjallað um tjáningarfrelsi, skoðana- og trúfrelsi barna, þ.á m réttinn til frjálsrar hugsunar og sannfæringar. Í kjölfarið má velta fyrir sér hvernig þessi réttindi tengjast hegðun Júlíu í *Stattu með þér!*. Mega foreldrar hennar ákveða fyrir hana hvað henni finnst eða hverju hún hefur áhuga á? Fer tjáning bara fram með orðum eða getur maður tjáð sig með öðrum hætti? Hvernig tjáir Júlía að verið sé að ráðskast með

³⁷ Vefslóðin er <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>

hana í myndinni og hvernig stendur hún með sér? Að lokum er mælt með að farið sé á undirsíðu [Barnasáttmálans](#)³⁸ og verkefnið *Réttindi og ábyrgð* sé unnið.

Verkefni 12

NEYÐARLÍNUSPJALL: Að prófa að hringja í 1-1-2 og spjalla við þann sem svarar. Starfsfólk Neyðarlínunnar hefur sagt opinberlega að það vilji gjarnan heyra í krökkum jafnvel þótt það sé ekki neyðarástand – einmitt til þess að öðlast traust barna svo þau hringi frekar ef neyð ber að garði.

Verkefni 13

SÖNGÆFING: Að hlusta á og syngja [EINN EINN TVEIR LAGIÐ](#), með því að smella á lagaheitið í þessum leiðarvísi³⁹ og styðjast við textann á blaðsíðu 21.

6. STATTU MEÐ ÞÉR!

Hér er meginboðskapur myndarinnar tekinn saman. Líkaminn er dýrmæt lífstíðareign, burtséð frá skilaboðum tísku- og afþreyingariðnaðarins. Enginn verðskuldar að vera beittur ofbeldi og allir eiga rétt á að setja mörk í samskiptum sínum við aðra, bæði við jafnaldra sína og fullorðna. Stattu með þér – þannig verður lífið er skemmtilegra.

Efni í umræður:

- *Hvað fannst ykkur um þessa mynd?*
- *Hver var boðskapur hennar?*
- *Kom eitthvað ykkur á óvart?*
- *Eruð þið sammála eða ósammála einhverju sem kemur fram í myndinni? Hvers vegna?*

Verkefni 14

STATTU MEÐ ÞÉR: Að hlusta á og syngja titillag myndarinnar, með því að styðjast við textann á blaðsíðu 20 í þessum leiðarvísi og lagið sem nálgast má á vef [Vitundarvakningarinnar](#),⁴⁰ bæði með og án söngs.

³⁸ Vefslóðin er <http://www.barnasattmali.is/verkefnifyrيرهeldriborn.html>

³⁹ Vefslóðin er <https://www.youtube.com/watch?v=tvzouF0-nPA>

⁴⁰ Vefslóðin er <http://www.vel.is/vitundarvakning>

Viðauki I: Aðstandendur *Stattu með þér!*

Um leikstjórnann, höfundinn og Vitundarvakninguna

Leikstjórinn: Brynhildur Björnsdóttir (f. 1970) fór í Fossvogsskóla þar sem hún fékk ágætis kynfræðslu hjá líffræðikennaranum sínum, Sverri Guðjónssyni síðar söngvara, í ellefu ára bekk. Svo lá leiðin í Réttarholtsskóla þar sem íþróttakennarinn sá um líffræði- og kynfræðslukennslu og þegar hún var fimmtán var viðtal við hana og fleiri nemendur í Vikunni þar sem hún tjáði upplifun sína af kynfræðslukennslu sem þótti óvenju framsækin miðað við tíðaranda. Brynhildur gekk síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð og tók stúdentspróf þaðan 1990, BA próf í Almennri bókmenntafræði árið 1993, PostGrad gráðu í leiklist frá Drama Studio London 1994 og Burtfararpróf frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2000. Hún starfaði við bókaútgáfu og blaðamennsku til haustsins 2007 þegar útvarpsþátturinn Leynifélagið, sem ætlaður er áheyrendurm á aldrinum 6-11 ára hóf göngu sína. Brynhildur er umsjónarmaður hans ásamt Kristínu Evu Þórhallsdóttur en saman hafa þær stöllum einnig umsjá með sjónvarpsþættinum Vasaljós sem er fyrir krakka á aldrinum 8-12 ára. Brynhildur er ástríðufull áhugakona um samfélagsmál og málefni barna og unglunga og er sannfærð um að með því að gefa þessum hópi heilbrigðan valkost við áreiti frá umhverfinu sé hægt að spyrna fæti við óæskilegum áhrifum. *Stattu með þér!* er fyrsta stuttmyndin sem hún leikstýrir en áður kom hún að gerð *Fáðu já!* ásamt Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur og Páli Óskari Hjálmtýssyni.

Handritshöfundurinn: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (f. 1980) er með meistaragráðu í ritstjórn og útgáfu frá HÍ. Hún er höfundur verðlaunabókarinnar *Á mannamáli* (2009) sem fjallar um stöðu kynbundins ofbeldis á Íslandi. Hún gegndi stjórnarformennsku í Kvennaathvarfinu frá 2012-2014 og hefur löngum látið kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sig varða. Þá hefur hún unnið með unglungum í Jafningjafræðslunni, félagsmiðstöðvum ÍTR, í Vinnuskóla Reykjavíkur og víðar á undanförunum sautján árum og sinnt margvíslegu forvarnarstarfi. Þórdís Elva hefur tekið þátt í málþingum, ráðstefnum og fjölmiðlaumfjöllun um kynferðisofbeldi, klám, unglunga o.fl.

Vitundarvakningin: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum er átaksverkefni þriggja ráðuneyta og á rætur að rekja til sáttmála Evrópuráðsins, um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna, sem samþykktur var á Lanzarote árið 2007. Ísland undirritaði samninginn árið 2008 og Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um fullgildingu hans árið 2012. Í kjölfarið gerðu

innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti með sér samning um framkvæmd Vitundarvakningar um ofbeldi gegn börnum. Vitundarvakningin var sett á fót sem þriggja ára verkefni, frá 2012-2014. Á grundvelli sáttmálans er hlutverk Vitundarvakningar m.a. að stuðla að umfangsmiklu forvarnarstarfi sem beinist að börnum, fólki sem vinnur með börnum, réttarvörslukerfinu og almenningi. Stuttmyndin *Stattu með þér* er eitt af fræðsluverkefnum Vitundarvakningar sem miðar að börnum, önnur slík eru t.d. *Fáðu Já* – stuttmynd ætluð unglinum, um mörkin milli ofbeldis og kynlífs og sýningar á *Krakkarnir í hverfinu* – brúðuleikrit fyrir nemendur í 2. bekk grunnskólum landsins. Frekari upplýsingar er að finna á [vef Vitundarvakningar](#)⁴¹

Þarftu að ná í aðstandendur *Stattu með þér!*?

Þórdísi Elvu má ná í á netfanginu thordiselva@gmail.com og Brynhildi á brynbi@gmail.com, auk þess sem verkefnisstjórn Vitundarvakningarinnar má finna [hér](#).⁴²

⁴¹ Vefslóðin er www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning

⁴² Vefslóðin er www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/verkefnisstjorn/

Viðauki II: Söngtextar

STATTU MEÐ ÞÉR

Lag og texti: Baldur Ragnarsson

Við eigum öll ýmislegt sameiginlegt
við eigum öll möguleikann á að gera lífið áhugavert
Ég veit ekki'úr hverju mín framtíð er gerð
ég veit ekki hvað ég vil né hvar ég verð

En ég labba mína leið
ég ætla'að labba mína leið
ég ætla'að labba mínar eigin leiðir
og troðinn slóðann kveð
mér þætti vænt um að þú röltir með

Við erum öll misuppbyggð, ólík og spes
einn skrifar, sá næsti prentar bók sem þriðji les
Þú veist ekki'úr hverju þín framtíð er gerð
óvissan um hvert þú stefnir næst er töluverð

En þú labbar þína leið
já þú labbar þína leið
já þú labbar þínar eigin leiðir
og vonandi býðst mér
að fá að rölta með þér

og ég veit að leiðin er
betri ef ég held með mér
því að allir ráða hvert þeir ætla
og ferðin hafin er
svo viltu gera mér greiða?
Stattu með þér!

EINN EINN TVEIR LAGIÐ

(ásamt gítargripum)

Lag: Gunnar Lárus Hjálmarsson // Texti: Þórarinn Eldjárn

D

Neyðarnúmerið

G A

sem notast allir við

D

það er aðeins eitt,

G A

ekki hika neitt,

D B

ekkert bis og baks

G A

bara hringja strax.

Ef einhver um það spyr

þá eru stafirnir:

D

EINN EINN TVEIR

A G

aðeins þeir

D

EINN EINN TVEIR

B A

ekkert meir.

Neyðarnúmerið

sem notast allir við

– ekki einungis

við eldsvoða og slys –

er líka vernd og vörn

sem virkar fyrir börn.

Ef einhver um það spyr

þá eru stafirnir:

EINN EINN TVEIR

einmitt þeir

EINN EINN TVEIR

ekkert meir.

Jæja hvað var nú aftur númerið hjá Neyðarlínunni?

Hva, var það 444? NEI!

Hmm, var það 567? NEI!

Hmm jæja - Komiði með smá vísbendingu handa mér... 112

Já, 112

Það held ég nú - Allir með svo!

